

MINNISBLAÐ

Dags: 09.09.2026

Til: Svæðisráð Vestfjarða

Frá: Skipulags- og umhverfismatssvið HMS

1. Inngangur og tilefni máls

Í bréfi Arnarlax til svæðisráðs Vestfjarða, dags. 10. ágúst sl., vegna stækkunar eldissvæða í Arnarfirði, gerir fyrirtækið athugasemdir við álit HMS um umhverfismat frá 24. júlí vegna stækkunar eldissvæða Arnarlax og aukningar lífmassa í Arnarfirði og umsögn Skipulagsstofnunar frá 3. júní 2025 um skörun eldissvæðanna við skipulagsreiti skv. strandsvæðisskipulagi.

Samkvæmt ofangreindu og að virtu efni bréfsins er ljóst að Arnarlax óskar eftir að svæðisráð endurskoði umsögn Skipulagsstofnunar og texta í umræddu álit, en textinn í álitinu er sá sami og kemur fram í umsögninni. Ef svæðisráðið telur að framkvæmdin rúmist ekki innan núgildandi strandsvæðisskipulags, óskar Arnarlax eftir við ráðið að það hlutist til um breytingar á strandsvæðisskipulaginu og geri tillögu að endurskoðun strandsvæðisskipulags fyrir viðkomandi svæði skv. 5. gr. laga nr. 88/2018, ef þess er nokkur kostur. Í því sambandi nefnir fyrirtækið óverulega breytingu á aðalskipulagi.

Tilefni þessa minnisblaðs er ofangreint bréf Arnarlax.

2. Afstaða HMS til bréfs Arnarlax varðandi samræmi við strandsvæðisskipulag


HMS hefur kynnt sér efni bréfsins og fær ekki séð að bréfið leiði til þess að umsögn Skipulagsstofnunar eigi ekki lengur við. HMS ítrekar þau sjónarmið sem koma fram í umsögninni og í kafla 4 í álitinu um umhverfismat framkvæmdarinnar.

Í bréfi sínu segir Arnarlax m.a. að þótt gert sé ráð fyrir auknu flatarmáli eldissvæðanna við stækkun þeirra muni eiginlegt athafnasvæði þar sem kvíar eru staðsettar og eiginlegt eldi fer fram hverju sinni ekki stækka eða aukast að flatarmáli. Markmið stækkunar eldissvæða ein og sér hafi það markmið að gefa möguleika á að færa sjókvíar til á eldissvæðinu við útsetningu seiða eða snúa kvíum (kvísamstæðu) og aðlaga að straumstefnu. Stækkun eldissvæða ein og sér hafi þannig ekki í för með sér aukin umsvif á eldissvæðinu.

Í tilefni af ofangreindum orðum Arnarlax bendir HMS (og áður Skipulagsstofnun) á að við mat á áhrifum breytingarinnar, þ.e. aukningar á lífmassa, beri að skoða afmörkun svæðisins sem að verið er að breyta og stækka. HMS leggur áherslu á að um er að ræða verulega rýmisbindingu á svæðinu. Hér er átt við það svæði sem tekið er undir starfsemina, hvernig útbreiðsla heimildarinnar virkar, hvaða áhrif verða á ráðstöfun hafsvæðisins. Að mati HMS hefur það ekki þýðingu þótt stækkun eldissvæða hafi ekki í för með sér aukin umsvif.

Við mat á erindi Arnarlax þarf sérstaklega að greina hvort málatilbúnaður fyrirtækisins byggist á of rúmri túlkun á ákvæðum um almenna nýtingu, þannig að heimildir innan reita fyrir almenna nýtingu séu í reynd nýttar til varanlegrar eða langvarandi útvíkkunar á starfsemi sem strandsvæðisskipulagið afmarkar annars innan reita ætluðum staðbundinni nýtingu.

Strandsvæðisskipulagið skilgreinir nýtingu hafsvæða með afmörkuðum nýtingarreitum þar sem mismunandi sjónarmið um vernd, nýtingu, siglingar, útivist og aðra starfsemi eru vegin saman. Áhrif ráðast því ekki eingöngu af því hvar kvíar eru staðsettar hverju sinni heldur einnig af því hversu stórt svæði er bundið undir starfseminna og hvaða áhrif það hefur á aðra mögulega nýtingu svæðisins. Við mat á samræmi við strandsvæðisskipulag þarf því að leggja áherslu á breytingu á afmörkun nýtingarsvæða og tengsl þeirra við aðra nýtingarflokka, fremur en einungis stærð þess svæðis sem kvíar taka undir sig hverju sinni.



Mynd 1. Úr uppdraetti Strandsvæðisskipulags Vestfjarða. Skipulagsreitir ætlaðir til staðbundinnar nýtingar eru táknaðir með bleikum lit. Svartir rammar tákna fyrirhugaða breytingu á afmörkun eldissvæða.

Í bréfi Arnarlax er vísað til umsagnar HMS frá 5. maí 2026 sem tekur af öll tvímæli um að skörun núverandi eldissvæða á Tjaldaneseyrum við LV6, eins og eldissvæðið er afmarkað, samræmist núverandi strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.

HMS bendir á að það þarf að hafa hliðsjón af nýlegum úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 28. ágúst sl. í máli UUA2606010 (sjókvíaelði í Arnarfirði). Í úrskurðinum er lögð áhersla á skyldu Arnarlax til að sýna fram á að starfsemi félagsins raski ekki öryggi fjarskiptastrengs. Í úrskurðinum kemur fram að kröfur um sönnun þess að reksturinn raski ekki öryggi strengsins hvíli á félaginu sem rekstraraðila fiskeldis. Þar sem öryggi fjarskipta er, með tilliti til stefnumörkunar strandsvæðisskipulagsins, sett í forgang á LV6 styður úrskurðurinn að áhrif á strenginn og tengda innviði verði tekin til efnislegrar skoðunar áður en fallist er á frekari nýtingu svæðisins.¹ Þegar þetta minnisblað er ritað þá

¹ Sjá hér frétt á vefsíðu HMS um úrskurðinn:

<https://hms.is/frettir/strandsv%C3%A6%C3%B0isskipulag-vestfjar%C3%B0a-i-brennidepli-ursk>

hefur Arnarlax ekki í málinu lagt fram gögn sem varða mat á áhættu strengsins vegna fiskeldisstarfsemi fyrirtækisins.

Í þessu samhengi þarf því að skoða hvort breyting á strandsvæðisskipulaginu eigi fremur að felast í því að stækka viðkomandi SN-reiti, m.a. SN 7, 8, 10 og 15, þannig að allt eldi sé innan skýrt afmarkaðra athafnasvæða, í stað þess að langtímanýting færist yfir á almenna reiti.

HMS telur ekki tilefni til að svara frekari sjónarmiðum/rökum, sem rakin eru í bréfi Arnarlax, í þessu minnisblaði. Ef svæðisráð óskar eftir því, er HMS reiðubúin til þess.

3. Óverulegar og verulegar breytingar á strandsvæðisskipulagi

Í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 88/2018 segir eftirfarandi:

„Nú telur svæðisráð að þær breytingar sem gera þarf á gildandi strandsvæðisskipulagi séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 11.–13. gr. og skal þá svæðisráð senda rökstudda tillögu um breytinguna til ráðherra. Niðurstaða svæðisráðs skal auglýst. Við mat á því hvort breyting á strandsvæðisskipulagi geti talist óveruleg skal taka mið af því hvort hún hafi **verulegar breytingar á nýtingu umrædds svæðis í för með sér eða sé líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði.**“

Í skýringum í greinargerð frumvarps þess er varð að lögum nr. 88/2018 kemur eftirfarandi fram: „Hér kemur það í hlut svæðisráðs að meta það hvort tiltekin breyting á strandsvæðisskipulagi geti talist óveruleg.“

Í bréfi Arnarlax er m.a. óskað eftir óverulegri breytingu á strandsvæðisskipulaginu, telji svæðisráð að framkvæmd fyrirtækisins rúmist ekki innan skipulagsins. Með tilliti til framangreinds telur HMS ljóst að það er í verkahring svæðisráðs að taka afstöðu til þess hvort hin feitletruðu skilyrði fyrir óverulegri breytingu séu uppfyllt. Samkvæmt 4. mgr. 14. gr. laga nr. 88/2018 staðfestir ráðherra tillögu um óverulega breytingu, fallist hann á hana, og auglýsir hana í B-deild Stjórnartíðinda. Fallist ráðherra ekki á að um óverulega breytingu sé að ræða skuli hann tilkynna svæðisráðinu um það og fari þá um málsmeðferð skv. 11.–13. gr. laganna.

Að mati HMS benda efnisatriði málsins, sbr. einnig umfjöllun í kafla 2 hér að framan, til þess að *óveruleg breyting á strandsvæðisskipulagi* eigi ekki við. Fyrirhuguð útvíkkun snýr ekki eingöngu að tæknilegri tilfærslu eða minniháttar aðlögun, heldur að rýmri nýtingu eldissvæða, mögulegri færslu nýtingar milli reita, áhrifum á LV6 og öryggi fjarskiptastrengs, auk botnfestinga og annarra skipulagslegra áhrifa. Slík atriði styðja fremur að um verulega breytingu sé að ræða samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga nr. 88/2018. Í slíku skipulagsferli hafa hagaðilar og aðrir tækifæri til að koma sjónarmiðum á framfæri. Þó að eiginlegt flatarmál kvía og eldis aukist ekki endilega samhliða stækkun eldissvæða er það ekki eitt og sér sá mælikvarði sem strandsvæðisskipulag byggir á.

Í umræddri 2. mgr. 14. gr. segir að telji HMS eða aðliggjandi sveitarfélag þörf á breytingum á fyrirbyggjandi strandsvæðisskipulagi, tilkynnir viðkomandi aðili ráðherra þar um. Ráðherra skuli þá óska eftir því við svæðisráð að það endurskoði strandsvæðisskipulag, sbr. 5. gr. og geri tillögu um breytingu telji það þörf á því. Í tengslum við ofangreint bendir HMS á að í niðurstöðukafla álits HMS um umhverfismat framkvæmdarinnar segir stofnunin, komi til leyfisveitinga, að mikilvægt sé að sett verði skilyrði er varða sjó og lífríki sjávar, fiskisjúkdóma og lúsaálag, slysasleppingar og erfðablöndun, siglingar og siglingaöryggi og loks strengi. Í 23. töluliðum eru skilyrðin talin upp og vísast til upptalningarinnar. Vakin er athygli á skilyrðunum í 22. og 23. töluliðum, en þar segir að það þurfi að liggja fyrir endurskoðuð afmörkun á eldissvæði við Tjaldaneseyri þar sem tekið hefur verið tillit til 400 m helgunarsvæðis sæstrengs Landsnets og að allar færslur á akkerum eða öðrum festingum í grennd við ljósleiðarastreng Mílu innan eldissvæðis við Tjaldanes fari fram í samráði og með fyrirfram gefnu samþykki Mílu og Landhelgisgæslu Íslands. Í töluliðum 20 og 21 er vikið að skilyrðum sem taka til siglinga og siglingaöryggis.

4. Hlutverk HMS og svæðisráðs við framfylgd strandsvæðisskipulags

Ákvæði 8. gr. laga nr. 88/2018 hljóða svo:

- Leyfi fyrir framkvæmdum eða annarri starfsemi skal samræmast gildandi strandsvæðisskipulagi sé það fyrir hendi. Leyfisveitendur skulu senda [Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun] ¹⁾ upplýsingar um útgefin leyfi á haf- og strandsvæðum og birtir stofnunin upplýsingar um leyfin í landupplýsingagátt á vef [Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar]. ¹⁾
- *[Leiki vafi á því hvort tiltekin framkvæmd eða starfsemi samræmist gildandi strandsvæðisskipulagi skal **leyfisveitandi** leita ráðgefandi álits [Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar] ¹⁾ áður en leyfi er veitt. [Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun] ¹⁾ getur einnig gefið slíkt ráðgefandi álit að eigin frumkvæði, telji hún tilefni til. [Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun] ¹⁾ getur óskað eftir umsögn viðkomandi svæðisráðs **áður en hún veitir** álit samkvæmt þessari málsgrein.] ²⁾*

Skáletraði textinn kom inn með lögum nr. 29/2025. Alþingi samþykkti breytingarlögin í maí 2025 og þau voru birt í A-deild Stjórnartíðinda þann 3. júní 2025. Lögin tóku því gildi daginn eftir, þ.e. **4. júní sama ár**, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Lög nr.29/2025 kveða því á um að HMS geti óskað eftir umsögn svæðisráðs áður en HMS veitir álit um það hvort tiltekin framkvæmd sé í samræmi við strandsvæðisskipulag Vestfjarða.

Í tengslum við ofangreint verður að hafa í huga að framfylgd strandsvæðisskipulags er að meginstefnu til í höndum viðkomandi leyfisveitenda og HMS, eins og lög nr. 88/2018 kveða á um. Eina aðkoma svæðisráðs að framfylgd strandsvæðisskipulags er að HMS getur óskað eftir umsögn ráðsins, leiki vafi á því hvort tiltekin framkvæmd samræmist gildandi strandsvæðisskipulagi, og þá áður en HMS veitir umsögn/veitir álit.